

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um milliúttektir og
endurskoðun á ferli jafnlaunavottunar.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hver er afstaða ráðherra til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 12716/2024, frá 16. júlí 2024, um svokallaðar milliúttektir vegna jafnlaunavottunar?
- Telur ráðherra að lagaskilyrði séu uppfyllt til þess að krefja fyrirtæki og stofnanir um slíkar milliúttektir?
- Hvað líður endurskoðun á ferli jafnlaunavottunar sem ráðuneytið boðaði og umboðsmaður Alþingis byggði niðurstöðu sína á um að ljúka málinu?
- Hver er staða fyrirtækja og stofnana sem þegar hafa sótt um jafnlaunavottun í ljósi þess að ráðherra hefur boðað frumvarp sem á að létta á skilyrðum fyrir vottuninni? Mun ráðherra beita sér fyrir frestun á viðurlögum vegna ferlisins á meðan beðið er eftir fyrirhugðum breytingum?

Skriflegt svar óskast.